

Tilmæli 25/2022  
Tillaga A 1771/tillvæxt  
Afgreiðsla Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

## Nefndarálit um tilmæli 25/2022 um rafvæðingu siglinga og hafna

### Tillaga

Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin leggur til að Norðurlandaráð samþykki álitid um tilmæli 25/2022 og bíði eftir pólitísku samráði.

### Bakgrunnsupplýsingar

Tilmælin eru svohljóðandi:

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

*að hún efni til viðræðna norrænu landanna og allra Eystrasaltsríkjanna um sameiginlega staðla fyrir rafvæðingu hafna á svæðinu og enn fremur að skipum í höfnum verði gert að nota landrafmagn og veita aðgang að hleðslustraumi og þróa innviði fyrir losunarlausu orkubera (eins og vetni og ammoníak);  
að hún beiti sér fyrir því að Norðurlönd leggist á eitt um að draga úr útblæstri í höfnum (og á sjó, til dæmis hvað viðvíkur tæmingu tanka á sjó);  
að hún beiti sér fyrir því að þróaðir verði sameiginlegir umhverfisvísar fyrir siglingar (sérstaklega varðandi strandlengjumferð og á styttri ferðum) og að Norðurlönd samhæfi umhverfiskröfur við setningu hafnargjalda (svo að umhverfisvænni farartæki njóti góðs af).*

att

### Svar Norrænu ráðherranefndarinnar

Norræna ráðherranefndin þakkar fyrir tilmælin og tekur undir sjónarmið Norðurlandaráðs um mikilvægi grænna umskipta siglinga og hafna fyrir loftslag og umhverfi.

Af sömu ástæðu eru grænir flutningar, þar á meðal á sviði siglinga, lykilsvið framkvæmdaáætlunar Norrænu ráðherranefndarinnar 2021–2024 fyrir Framtíðarsýn okkar 2030. Norræna ráðherranefndin og stofnanir hennar fjármagna því á þessu tímabili nokkur stór samhliða verkefni, sem með mismunandi áherslu á löggjöf, samkeppnishæfni, tækni og/eða rannsóknir eiga að skapa nýja þekkingu og benda á lausnir varðandi hvernig græn umskipti geti á sem hentugastan hátt átt sér stað á þessu



sviði. Mörg verkefnanna fjalla um rafvæðingu siglinga, þar á meðal nauðsynlega innviði svo sem uppsetningu raforkuvirkja fyrir landrafmagn.

Í beinum tengslum við tilmælin fjármagnaði Norræna ráðherranefndin t.d. verkefnið „On Shore Power Supply in the Nordic Region“, sem kortlagði núverandi hleðsluinnviði í norrænum höfnum og greindi tækifæri til að koma á fót frekari innviðum fyrir farartæki með mismunandi þarfir. Enn fremur fjármagnaði Norræna ráðherranefndin verkefni um rafvæðingu hafna fyrir skemmtiferðaskip - „Norðurlöndin taka sér forystu til að tryggja grænar siglingar skemmtiferðaskipa“ - árin 2020-2021. Verkefninu var ætlað að styðja við samræmingu sameiginlegra stjórnækja og prófun tæknilegra lausna, einkum er varðar landrafmagn, til að draga úr losun skemmtiferðaskipa í höfnum á Norðurlöndum og í Eystrasaltsríkjunum. Verkefnið skoðaði m.a. hve viðeigandi væri að hafa sameiginlega skilgreiningu á sjálfbærum skemmtiferðaskipum og þau tækifæri sem gætu falist í að nota vísa fyrir annars vegar sjálfbær skip og hins vegar sjálfbærar hafnir.

Í sameiginlegri yfirlýsingu frá norrænu umhverfis- og loftslagsráðherrunum frá október 2020, sem m.a. fylgir verkefninu eftir, láta þeir í ljósi ósk um að Eystrasaltið verði sjálfbærasti áfangastaður skemmtiferðaskipa í Evrópu, og að landrafmagn skuli vera aðgengilegt í stærstu höfnum skemmtiferðaskipa á Norðurlöndum og í Eystrasalti árið 2030. Þeir fagna einnig notkun umhverfisvísa til að knýja á um sjálfbærari skemmtiferðaskip. Yfirlýsingunni verður fylgt eftir á ólíkum vettvangi og hún er m.a. höfð til hliðsjónar að því er varðar grænar siglingar skemmtiferðaskipa í nýrri stefnu Danmerkur um sjálfbæra ferðaþjónustu frá júní 2022.

Norrænu forsætisráðherrarnir samþykktu í ágúst 2022 sameiginlega yfirlýsingu um sjálfbært sjávarhagkerfi og græn umskipti Norðurlanda sem tekur sérstaklega á samstarfi um málefni er varða hafið. Þar kemur einnig fram vilji Norðurlanda til að vinna að því að minnka loftslagsáhrif siglinga og draga úr mengun sjávar, m.a. með forystu Norðurlanda í alþjóðlegum ferlum innan meðal annars hafréttarsamnings SP og Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar og með þátttöku í Græna Sáttmála ESB. Forsætisráðherrarnir lýsa yfir stuðningi við að komið verði á fót grænum siglingaleiðum og hafnarmannvirkjum meðfram helstu alþjóðlegu flutningaleiðum, og ítreka ákvörðun Norðurlanda um að koma á fót losunarlausum ferjusiglingum milli Norðurlandanna og er það í framhaldi Clydebanks-yfirlýsingarinnar sem var undirrituð á COP 26 í Glasgow í nóvember 2021.

Fyrstu niðurstöður núverandi vinnu að grænum sjóflutningum sýna að rafvæðing siglinga og hafna væri mikilvægur þáttur í þeim fjölþættu lausnum sem þörf er á til að draga úr losun á þessu sviði. Í áframhaldandi vinnu við að gera Norðurlöndin að sjálfbæru svæði á heimsmælikvarða mun Norræna ráðherranefndin áfram skoða hvernig (svo sem með sameiginlegum stöðlum) best megi stuðla að grænum



umskiptum siglinga á Norðurlöndum, gjarnan í samráði við önnur ríki á Eyrstrasaltssvæðinu.

Norræna ráðherranefndin telur sig þar með að hluta til hafa orðið við tilmælunum.

### **Sjónarmið nefndarinnar**

Svar Norrænu ráðherranefndarinnar við tilmælum Norðurlandaráðs um rafvæðingu siglinga og hafna varpar ljósi á þau norrænu verkefni, samstarf og aðgerðir sem eru í gangi á vegum Norrænu ráðherranefndarinnar á sviði siglinga og rafvæðingar.

Góða lýsingu má finna í öllum þremur málsliðum þegar kemur að rafvæðingu eins og fyrirsögn tilmælanna segir til um, að undanskilinni þróun innviða fyrir losunarlausu orkubera eins og vetni og ammoníak. Auk þess óskar nefndin eftir, í samræmi við svar Norrænu ráðherranefndarinnar, nánara samtali við ráðherranefndina um samhæfingu rafvæðingar hafnanna á Norðurlöndum þar sem nefndin telur að svarið sé ekki nægilega skýrt hvað varðar markmið um sameiginlegan staðal fyrir rafvæðingu hafna á svæðinu.

Með vísan til þessa er það tillaga nefndarinnar að svarið sé fært til bóka að beðið sé pólitísks samráðs.

[Staður], [Dagsetning]

[Underskrivere]

[Underskrivere]